

Fyrirspurn

til forseta Alþingis um takmörkun aðgangs að bréfi
frá settum ríkisendurskoðanda og fylgiskjali þess.

Frá Jóhanni Páli Jóhannssyni.

1. Hefur forseta borist bréf frá settum ríkisendurskoðanda, dags. 27. júlí 2018?
2. Telur forseti að varðveisla bréfsins hjá Alþingi falli undir verksvið hans sem forseta skv. 9. gr. þingskapalaga þar sem fram kemur að forseti fari með æðsta vald í stjórnslu Alþingis?
3. Telji forseti varðveislu bréfsins hjá Alþingi ekki falla undir verksvið hans skv. 9. gr. þingskapalaga, getur forseti upplýst hvort og þá á hvaða lagagrundvelli hann telur sér heimilt að takmarka aðgang þingmanna að efni bréfsins og fylgiskjali sem því kann að hafa fylgt?

Skriflegt svar óskast.